

FRÁSÖGN

af vetrarfundi þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Vín 25.–26. febrúar 2016

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Elsa Lára Arnardóttir formaður, Guðmundur Steingrímsson varaformaður og Sigríður Á. Andersen, auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur alþjóðaritarar. Fundinn sóttu um 239 þingmenn frá 54 ríkjum en að venju funduðu stjórnarnefnd og málefnanefndir þingsins með embættismönnum ÖSE, auk þess sem fram fór sameiginlegur fundur málefnanefndanna. Meginefni vetrarfundarins voru flóttamannavandinn og mannréttindi flóttamanna á ÖSE-svæðinu og baráttan gegn hryðjuverkum. Á fundi stjórnarnefndar ÖSE-þingsins var þá ákveðið að stofna sérstaka nefnd um flóttamannamál.

Samhliða vetrarfundi kynnti Íslandsdeild drög sín að ályktun um samstarf ÖSE-þingsins við ÖSE fyrir nýjum framkvæmdastjóra ÖSE-þingsins, Roberto Montella, og þingmönnum landsdeilda Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Íslandsdeild hyggst leggja ályktunina fram á ársfundi ÖSE-þingsins í Tíblisi í júlí nk. Í ályktuninni er lagt til að skrifstofa ÖSE-þingsins vinni í samstarfi við ÖSE-stofnunina aðgerðaáætlun um aukið og þéttara samstarf stofnanna tveggja, sem og nýjar leiðir fyrir þingmenn til að taka á áþreifanlegan og árangursríkan hátt þátt í starfi þingsins á vettvangi við að efla lýðræði, réttarríki, öryggi og mannréttindi á vettvangi á ÖSE-svæðinu. Skrifstofan er beðin um að leggja aðgerðaáætlunina fyrir ÖSE-þingið á haustfundi þess árið 2017. Guðmundur Steingrímsson er fyrsti flutningsmaður ályktunarinnar.

Fund nefndar um stjórn- og öryggismál ávarpaði m.a. Cristian Istrate, formaður nefndar ÖSE um málaflökkinn og sendiherra Rúmeníu hjá ÖSE. Hann kynnti vinnuáætlun nefndarinnar fyrir árið 2016, þar á meðal er varðar ástandið í Úkraínu, hryðjuverkaógnina og flóttamannavandann. Hann sagði ályktun ársfundar ÖSE-þingsins frá árinu 2015 veita nefndinni mikla hvatningu í vinnu sinni. Þingið væri í einstakri stöðu til að styðja við framkvæmd markmiða ÖSE í aðildarríkjum stofnunarinnar og væri löggjafar- og eftirlitsstarf þjóðþinga aðildarríkja þannig hluti af styrkleikum ÖSE. Á tímum óvissu og ólgu væri rík áhersla ÖSE á samræður og samstarf mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Ríkisstjórnir og þjóðþing yrðu að vinna saman til að uppfylla væntingar fólks til stofnunarinnar. Á fundinum var sérstök umræða um hryðjuverk sem bar yfirskriftina „Fjölpjódlegt öryggi á ÖSE-svæðinu: Baráttan gegn hryðjuverkum.“ Erindi hélt Alexey Lyzhenkov, samræmingaraðili verkefna ÖSE gegn fjölpjódlegum ógnum (e. OSCE Co-ordinator of Activities to Address Transnational Threats). Lyzhenkov kynnti áætlanir ÖSE í baráttunni gegn hryðjuverkum árið 2016 sem byggjast á yfirlýsingum ráðherraráðs ÖSE frá desember sl. Fyrri yfirlýsingin, nr. 3/2015, snýr að því að styrkja baráttu ÖSE gegn hryðjuverkum í kjölfar nýlegra hryðjuverkaárása. Sú síðari, nr. 4/2015, snýr að því að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldisfullri öfgahyggu og róttækni sem leiðir til hryðjuverka. Lyzhenkov lagði áherslu á mikilvægt hlutverk þingmanna í baráttunni gegn hryðjuverkum. Sem pólitískir leiðtogar væru þeir í lykilhutverki sem talsmenn innlendrar samstöðu gegn hvers kyns hryðjuverkum og talsmenn samstöðu og stuðnings við fórnarlömb. Sem löggjafar gegndu þeir einstaklega mikilvægu hlutverki við að efla alþjóðlegan lagaramma gegn hryðjuverkum. Þá væri aðild aðildarríkja ÖSE að mikilvægum alþjóðasamningum á þessu sviði afar áriðandi í baráttunni gegn hryðjuverkum. Einungis átta aðildarríki ÖSE væru aðilar að öllum meginsamningum gegn hryðjuverkum: Austurríki, Tékkland, Lettland, Liechtenstein, Holland, Noregur, Spánn og Sviss.

Fund nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál ávarpaði m.a. Andreas Papadakis, formaður efnahags- og umhverfisnefndar ÖSE og fastafulltrúi Grikklands hjá ÖSE. Hann kynnti vinnuáætlun efnahags- og umhverfisnefndar ÖSE fyrir árið 2016 en í henni er lögð áhersla á góða stjórnunarhætti, viðskiptaskilyrði og efnahagsleg tengsl. Á fundinum var sérstök umræða sem bar yfirskriftina „Stjórnun flóttamannastraums: tækifæri og áskoranir fyrir

efnahag ÖSE-ríkja“. Erindi hélt dr. Halil Yurdakul Yigitguden sem stýrir verkefnum ÖSE á sviði efnahags- og umhverfismála. Yigitguden sagði mikilvægt að líta á flóttamannastrauminn sem tækifæri fyrir efnahagslega þróun og vöxt. Stefnumótun þyrfti að taka mið af þessu. Í skuldbindingum ÖSE-ríkja á sviði flóttamannamála, sem ættu rætur sínar að rekja til ákvarðana ráðherraráðs stofnunarinnar frá árunum 2005 og 2009, væri lögð áhersla á jákvæð tengsl farandflutninga og efnahagslegs vaxtar. Skilvirk kerfi sem auka hreyfanleika vinnuafls gætu hjálpað fólki að færa sig um set á öruggan hátt og gert þeim þannig kleift að leggja sitt af mörkum til þróunar þeirra samfélaga sem þeir flytja til.

Fund nefndar um lýðræðis- og mannréttindamál ávarpaði m.a. Katja Pehrman, formaður nefndar ÖSE um málaflökkinn og sendiherra Finnlands hjá stofnuninni. Pehrman sagði frá áherslum nefndar ÖSE um lýðræðis- og mannréttindamál fyrir árið 2016, sem verða m.a. á réttindi minnihlutahópa, umburðarlyndi, Róma- og Sinti-fólk, jafnrétti kynjanna, réttindi fatlaðs fólks og verndun mannréttinda í baráttunni gegn hryðjuverkum. Á fundinum var sérstök umræða um mannréttindi farandverka- og flóttamanna. Erindi hélt Madina Jarbussynove, sérlegur fulltrúi og samræmingaraðili ÖSE gegn mansali. Í máli sínu lagði hún áherslu á tengsl milli flóttamannastraums og mansals. Flóttamenn væru sérstaklega varnarlausir og í hættu á að verða fórnarlömb mansals og misnotkunar. Stórtækar ráðstafanir ríkja gegn flóttamannastraumnum hefðu ófyrirhugaðar afleiðingar sem gætu aukið varnarleysi flóttamanna gagnvart mansali. Nauðsynlegt væri að nálgun ríkja yrði samþætt og tryggði bæði öryggi ríkjanna sjálfra og flóttamannanna.

Á sameiginlegum fundi málefna nefndanna þriggja var sérstök umræða sem bar yfirskriftina „Flóttamannavandinn á ÖSE-svæðinu: styrking sameiginlegra viðbragða“. Christos Stylianides, framkvæmdastjóri Evrópusambandsins á sviði mannúðaraðstoðar og krísustjórnunar, ávarpaði fundinn. Hann sagði Evrópu bera sögulega skyldu til að aðstoða flóttamenn sem kæmu að landamærum hennar. Annars væri hættu á að stjórnsmál ótta og sundrunar sneru aftur og álfan klofnaði á ný. Samhliða umræðunni gaf ÖSE-þingið út sérstaka skýrslu um flóttamannavandann á ÖSE-svæðinu. Í henni er að finna ráðleggingar til annars vegar ÖSE og hins vegar aðildarríkja stofnunarinnar. Í ráðleggingum til ÖSE leggur þingið m.a. til að stofnanir og skrifstofur ÖSE samræmi betur aðgerðir sínar á sviði flóttamannamála, vettvangsskrifstofur ÖSE fái sterkara hlutverk á þessu sviði, stofnuð verði sérstök flóttamannaskrifstofa í því ESB-ríki sem flóttamannastraumurinn mæðir mest á og ÖSE-þingið haldi áfram að ræða um flóttamannamál og deila bestu starfsvenjum. Í ráðleggingum til aðildarríkja ÖSE er m.a. lagt til að þeim ríkjum sem deila landamærum með Sírlandi sé veittur aukinn fjárhagslegur og pólitískur stuðningur. Einnig er lagt til að aðildarríki styðji betur við þær alþjóðastofnanir sem starfa að mannúðarmálum á svæðinu, íhugi að auka þann fjölda flóttamanna sem þau hyggjast taka á móti og þrói fleira löglegar og öruggar leiðir fyrir flóttamenn til að komast til ÖSE-ríkja.

Dr. Hedy Fry, sérlegur fulltrúi ÖSE-þingsins á sviði jafnréttismála, ávarpaði einnig sameiginlegan fund málefna nefndanna. Hún sagði frá tilraunum ráðherraráðs ÖSE til að samþykkja viðauka við aðgerðaáætlun ÖSE á sviði jafnréttismála frá árinu 2004. Ráðinu hefði mistekist að komast að samkomulagi á fundum ráðherraráðsins árin 2014 og 2015. Ákveðin ríki hafi í báðum tilfellum reynt að veikja þær skuldbindingar sem drög að viðaukanum gerðu ráð fyrir og samkomulag því ekki náðst. Nú liti út fyrir að ekki yrðu gerðar frekari tilraunir til samþykktar viðaukans. Fry ræddi einnig um áherslu ársskýrslu sinnar fyrir árið 2016 á stöðu varnarlausra kvenna og stúlkna meðal flóttamanna á ÖSE-svæðinu.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.